



Framsókn

Framboðsreglur fyrir alþingiskosningar

Lög Framsóknarflokksins um aðferð við val á lista við alþingiskosningar:

Við alþingiskosningar skal kjördæmissamband bjóða fram lista Framsóknarflokksins í sínu kjördæmi. Heimilt er þó, ef eitt kjördæmasamband starfar í Reykjavík, að það bjóði fram á sínum vegum lista Framsóknarflokksins bæði í Reykjavíkurborg kjördæmi norður og Reykjavíkurborg kjördæmi suður. Kjördæmisþing velur aðferð við val og gengur endanlega frá framboðslista. Reglur um framboð eiga að liggja fyrir a.m.k. 6 mánuðum fyrir reglulegar alþingiskosningar. Reglur um val frambjóðenda geta verið af fimm gerðum: **Póstkosning;** **lokað prófkjör;** **tvöfalt kjördæmisþing;** **uppstilling** og **opið prófkjör**, sbr. gr. 5.1.

Reglur um póstkosningu.

I. kafli.

Valdagur.

1. gr. Kjördæmisþing ákveður hvenær póstkosning hefst, valdagur, þ.e. þann dag er atkvæðaseðlar eru sendir út til félagsmanna.

II. kafli.

Kosningarréttur og kjörgengi.

2. gr. Rétt til atkvæðagreiðslu í póstkosningunni eiga flokksbundnir framsóknarmenn sem eiga lögheimili í kjördæminu, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir valdag póstkosningarinnar.

3. gr. Heimilt er að innheimta þátttökugjald.

4. gr. Frambjóðendur í póstkosningunni geta þeir einir orðið sem eru félagar í Framsóknarflokki og hafa kjörgengi til Alþingis, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir valdag póstkosningarinnar og hafa náð 18 ára aldri á kjördag til Alþingis, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

III. kafli.

Kjörskrá.

5. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins gerir kjörskrá þar sem fram kemur nafn, kennitala, lögheimili og sveitarfélag.

6. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins gerir skrá vegna póstkosningarinnar, með símanúmerum og mun afhenda frambjóðendum, sem þess óska, eitt eintak af henni í excel-formi. Afhending er gegn greiðslu á kostnaði við gerð skrár á hvern frambjóðanda. Pantanir sendist á netfangið: framsokn@framsokn.is.

7. gr. Frambjóðanda er heimilt að senda framboðskynningu á sér á netfangaskrá Framsóknarflokksins í kjördæminu í eitt skipti. SMS-sendingar eru heimilar í eitt skipti svo og afhending á límmiðasetti til útsendingar í eitt skipti.

8. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins sér um útsendingu á netföng, á SMS-sendingum og afhendingu límmiðasetts gegn greiðslu á kostnaði.

9. gr. Fylgt skal ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

IV. kafli.

Kjörstjórn.

10. gr. Kjördæmisþing kýs 7 manna kjörstjórn til eins árs í senn.

Kjósa skal formann sérstaklega á kjördæmisþingi. Kjörstjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórn kjördæmissambands setur kjörstjórn erindisbréf.

11. gr. Kjörstjórn skal undirbúa og annast framkvæmd póstkosningarinnar.

Kjörstjórn skal halda gerðabók og bóka viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar er máli skiptir við framkvæmd póstkosningarinnar.

V. kafli.

Framboð, framboðsfrestur, umboðsmenn og auglýsing.

12. gr. Kjörstjórn skal auglýsa eftir frambjóðendum til þátttöku í póstkosningunni.

13. gr. Framboðsfrestur skal vera minnst 7 sólarhringar.

14. gr. Framboðstilkynningu skal skilað til kjörstjórnar eigi síðar en kl. 12 á hádegis degi fyrir valdag.

Í framboðstilkynningu skulu frambjóðendur gefa kost á sér í ákveðin sæti, eitt eða fleiri, þegar þeir tilkynna um framboð sitt.

Með framboðstilkynningu skal hver frambjóðandi skila að hámarki 400 orða texta á rafrænu formi þar sem frambjóðandi kynnir sjálfan sig og greinir frá helstu baráttumálum sínum, ásamt einni mynd af frambjóðanda á rafrænu formi sem er að lágmarki 1 MB (megabyte) að stærð.

Með framboðstilkynningu skal fylgja meðmælendalisti með að lágmarki 10 og að hámarki með 20 flokksbundnum framsóknarmönnum. Meðmælandi má einungis mæla með einum frambjóðanda og skal hann hafa kosningarrétt í póstkosningunni. Mæli flokksmaður með fleiri en einu framboði, verður hann þá ekki talinn meðmælandi neins þeirra.

15. gr. Kjörstjórn vinnur úr þessum upplýsingum og verða þær birtar í kynningarriti um frambjóðendur fyrir póstkosninguna.

16. gr. Frambjóðandi greiðir hluta kostnaðar við gerð kynningarefnis kjörstjórnar.

17. gr. Kjörstjórn skipuleggur kynningarfundir með frambjóðendum fyrir póstkosninguna.

18. gr. Hverjum frambjóðanda er heimilt að skipa sér umboðsmann til þess að gæta réttar og hagsmuna framboðsins.

19. gr. Framboð er ekki endanlega staðfest fyrr en kjörstjórn hefur staðfest kjörgengi frambjóðanda, meðmælendalista og fyrir liggi staðfesting á skilum til Ríkisendurskoðunar í þeim tilfellum sem það á við.

Kjörstjórn hefur heimild til að hafna frambjóðanda ef gildar ástæður eru fyrir og skulu þær rökstuddar skriflega.

Kjörstjórn er jafnframt heimilt ef ástæða þykir til að bæta við frambjóðendum að fengnu samþykki þeirra.

20. gr. Frambjóðendur skulu reka áróður fyrir framboði sínu í eigin nafni, en ekki í nafni Framsóknarflokksins.

21. gr. Frambjóðendur bera einir ábyrgð á sinni kosningabaráttu. Þeim ber að gæta þess að þeir sjálfir, eða þeir sem starfa í þeirra umboði, gæti þess að hlíta í hvívetna landslögum sem og lögum og siðareglum Framsóknarflokksins.

22. gr. Frambjóðendur skulu undirrita yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér þessar reglur og muni fara eftir þeim.

23. gr. Kjörstjórn skal birta tilkynningu um póstkosningu með viðeigandi hætti. Tilkynningu þessa skal birta með hæfilegum fyrirvara fyrir valdag.

VI. kafli.

Kjörgögn.

24. gr. Kjörstjórn skal láta prenta kjörseðla úr haldgóðum ógegnsæjum pappír.

25. gr. Á kjörseðlinum verða nöfn frambjóðenda ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.

Dregið skal um röðun frambjóðenda á kjörseðlinum.

VII. kafli.

Atkvæðagreiðsla á valdögum.

26. gr. Kjörstjórn sendir atkvæðaseðil til þeirra sem á kjörskrá eru á valdag.

27. gr. Kjósendur skulu velja 5; 6; 7 frambjóðendur, hvorki fleiri né færri, og merkja með tölustöfum við nöfn þeirra og í þeirri röð sem þeir vilja að frambjóðendur taki sæti á

framboðslista Framsóknarflokksins í kjördæminu. Það er 1 við þann sem kjósandi vill að skipi efsta sæti, 2 við þann sem kjósandi vill í annað sæti, 3 við þann sem skipa skal þriðja sætið, o.s.frv.

28. gr. Þegar kjósandi hefur útfyllt seðilinn skal hann ganga frá seðlinum í kjörseðilsumslag sem merkt er ATKVÆÐASEÐILL og loka því. Það umslag skal síðan sett í annað umslag sem merkt er með nafni þess sem greitt hefur atkvæði og skal kjósandi skrifa nafn sitt aftan á umslagið þvert yfir líminguna. Að lokum er umslagið sett í þriðja umslagið sem merkt er kjörstjórninni og sent til hennar eða skrifstofu Framsóknarflokksins. Atkvæði skal fara í gegnum pósthús – sé með póststimpil.

29. gr. Kjósandi skal undirrita yfirlýsingu sem fylgir með atkvæðisseðli um að hann hafi persónulega tekið þátt í póstkosningunni en ekki aðrir í hans stað.

Atkvæðaseðill telst því aðeins gildur ef slík yfirlýsing fylgir með.

30. gr. Atkvæðið verður að póstleggja í síðasta lagi á síðasta valdegi.

VIII. kafli.

Atkvæðatalning og kosningaúrslit.

31. gr. Kjörstjórn annast talningu atkvæða á fyrirfram ákveðnum stað og stund.

32. gr. Umboðsmönnum frambjóðenda er heimilt að vera viðstaddir talninguna.

33. gr. Við talningu atkvæða hlýtur sá fyrsta sæti sem fær flest atkvæði í fyrsta sætið. Sá hlýtur annað sætið sem hefur flest atkvæði í 1. og 2. sætið og sá þriðja sætið sem hlýtur flest atkvæði í 1., 2. og 3. sæti. Síðan hljóta frambjóðendur önnur sæti í póstkosningunni með sama hætti.

Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

34. gr. Taki frambjóðandi ekki það sæti er hann hlýtur í kosningunni mun sá sem á eftir kemur færast upp um sæti. Ef frambjóðandi í 1. sæti hafnar því þá ber að færa þann sem hlaut 2. sæti upp í 1. sæti, þann sem hlaut 3. sæti í 2. sæti o.s.frv.

35. gr. Vinnu starfsmanna í talningu er lokið þegar kjörstjórn hefur staðfest úrslit og uppgjör.

36. gr. Sá sem er viðstaddur talningu getur ekki yfirgefið hana fyrr en talningu er lokið og úrslit tilkynnt.

37. gr. Í 5; 6; 7 efstu sætum framboðslistans skal hlutur hvors kyns ekki vera lægri en 40%, þó skulu ekki vera fleiri en 3 af sama kyni í fyrstu 4 sætunum.

38. gr. Frambjóðandi undirritar yfirlýsingu, fyrir atkvæðatalningu, um hvaða sæti hann taki hljóti hann ekki kosningu í það sæti sem hann sækist eftir.

39. gr. Frambjóðandi skal hafa svarað kjörstjórn innan 48 klst. frá því að úrslit eru kynnt, hvort hann tekur sæti á framboðslistanum.

IX. kafli.

Kosningum frestað.

40. gr. Kjörstjórn er heimilt að fresta póstkosningunni ef veður eða náttúruhamfarir hamla.

X. kafli.

Kosningakærur.

41. gr. Frestur frambjóðenda til að gera athugasemdir eða krefjast endurtalningar atkvæða rennur út þremur sólarhringum eftir tilkynningu úrslita.

42. gr. Komi fram ágreiningur um framkvæmd eða tilhögun póstkosningarinnar skal gera það skriflega til kjörstjórnar. Úrskurði kjörstjórnar má skjóta til laganefndar Framsóknarflokksins og fara þau eins og lög Framsóknarflokksins kveða á um.

XI. kafli.

Eyðing kjörgagna.

43. gr. Eyða skal öllum kjörgögnum þegar niðurstöður liggja fyrir, kærufrestur hefur runnið út og auka kjördæmisþingi er lokið.

XII. kafli.

Kostnaður.

44. gr. Hámarks útlagður kostnaður hvers frambjóðanda vegna póstkosningarinnar má ekki fara umfram kostnaðartölu sem landsstjórn Framsóknarflokksins telur hæfilega, s.s. vegna auglýsinga frambjóðenda í ljósvakamiðlum, prentmiðlum og vefmiðlum.

Frambjóðendum ber að skila til skrifstofu Framsóknarflokksins fjárhagslegu uppgjöri innan 30 daga að lokinni póstkosningu. Skrifstofa Framsóknarflokksins skal skila uppgjörinu inn til Ríkisendurskoðunar.

45. gr. Í einu og öllu skal farið eftir lögum um fjármál stjórnmalaflokka nr. 162/2006.

XIII. kafli.

Framboðslistinn.

46. gr. Kjörstjórn gerir tillögu um skipan framboðslistans í heild að öðru leyti til stjórnar kjördæmissambandsins sem leggur hann fyrir auka kjördæmisþingi.

Reglur um lokað prófkjör.

I. kafli.

Kjördagur.

1. gr. Kjördæmisþing ákveður hvenær lokað prófkjör skuli fara fram. Lokað prófkjör skal fara fram samtímis í kjördæminu.

II. kafli.

Kosningarréttur og kjörgengi.

2. gr. Rétt til atkvæðagreiðslu í lokaða prófkjörinu eiga flokksbundnir framsóknarmenn sem eiga lögheimili í kjördæminu, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir prófkjördag.

3. gr. Heimilt er að innheimta þátttökugjald.

4. gr. Frambjóðendur í lokaða prófkjörinu geta þeir einir orðið sem eru félagar í Framsóknarflokki og hafa kjörgengi til Alþingis, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir prófkjörið og hafa náð 18 ára aldri á kjördag til Alþingis, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

III. kafli.

Kjörskrá.

5. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins gerir kjörskrá þar sem fram kemur nafn, kennitala, lögheimili og sveitarfélag.

6. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins gerir skrá vegna lokaða prófkjörsins, með símanúmerum og mun afhenda frambjóðendum, sem þess óska, eitt eintak af henni í excel-formi. Afhending er gegn greiðslu á kostnaði við gerð skrár á hvern frambjóðanda. Pantanir sendist á netfangið: framsokn@framsokn.is.

7. gr. Frambjóðanda er heimilt að senda framboðskynningu á sér á netfangaskrá Framsóknarflokksins í kjördæminu í eitt skipti. SMS-sendingar eru heimilar í eitt skipti svo og afhending á límmiðasetti til útsendingar í eitt skipti.

8. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins sér um útsendingu á netföng, á SMS-sendingum og afhendingu límmiðasetts gegn greiðslu á kostnaði.

9. gr. Fylgt skal ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

IV. kafli.

Kjörstjórn.

10. gr. Kjördæmisþing kýs 7 manna kjörstjórn til eins árs í senn.

Kjósa skal formann sérstaklega á kjördæmisþingi. Kjörstjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórn kjördæmissambands setur kjörstjórn erindisbréf.

11. gr. Kjörstjórn skal undirbúa og annast framkvæmd lokaða prófkjörsins.

Kjörstjórn skal halda gerðabók og bóka viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar er máli skiptir við framkvæmd prófkjörsins.

V. kafli.

Framboð, framboðsfrestur, umboðsmenn og auglýsing.

12. gr. Kjörstjórn skal auglýsa eftir frambjóðendum til þátttöku í lokaða prófkjörinu.

13. gr. Framboðsfrestur skal vera minnst 7 sólarhringar.

14. gr. Framboðstilkynningu skal skilað til kjörstjórnar eigi síðar en kl. 12 á hádegis degi fyrir kjördag.

Í framboðstilkynningu skulu frambjóðendur gefa kost á sér í ákveðin sæti, eitt eða fleiri, þegar þeir tilkynna um framboð sitt.

Með framboðstilkynningu skal hver frambjóðandi skila að hámarki 400 orða texta á rafrænu formi þar sem frambjóðandi kynnir sjálfan sig og greinir frá helstu baráttumálum sínum, ásamt einni mynd af frambjóðanda á rafrænu formi sem er að lágmarki 1 MB (megabyte) að stærð.

Með framboðstilkynningu skal fylgja meðmælendalisti með að lágmarki 10 og að hámarki með 20 flokksbundnum Framsóknarmönnum.

15. gr. Kjörstjórn vinnur úr þessum upplýsingum og verða þær birtar í kynningarriti um frambjóðendur fyrir kjörfundinn.

16. gr. Frambjóðandi greiðir hluta kostnaðar við gerð kynningarefnis kjörstjórnar.

17. gr. Kjörstjórn skipuleggur kynningarfund með frambjóðendum fyrir lokaða prófkjörið.

18. gr. Hverjum frambjóðanda er heimilt að skipa sér umboðsmann til þess að gæta réttar og hagsmuna framboðsins.

19. gr. Framboð er ekki endanlega staðfest fyrr en kjörstjórn hefur staðfest kjörgengi frambjóðanda, meðmælendalista og fyrir liggi staðfesting á skilum til Ríkisendurskoðunar í þeim tilfellum sem það á við.

Kjörstjórn hefur heimild til að hafna frambjóðanda ef gildar ástæður eru fyrir og skulu þær rökstuddar skriflega.

Kjörstjórn er jafnframt heimilt ef ástæða þykir til að bæta við frambjóðendum að fengnu samþykki þeirra.

20. gr. Frambjóðendur skulu reka áróður fyrir framboði sínu í eigin nafni, en ekki í nafni Framsóknarflokksins.

21. gr. Frambjóðendur bera einir ábyrgð á sinni kosningabaráttu. Þeim ber að gæta þess að þeir sjálfir, eða þeir sem starfa í þeirra umboði, gæti þess að hlíta í hvívetna landslögum sem og lögum og siðareglum Framsóknarflokksins.

22. gr. Frambjóðendur skulu undirrita yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér þessar reglur og muni fara eftir þeim.

23. gr. Kjörstjórn skal birta tilkynningu um lokað prófkjör með viðeigandi hætti. Tilkynningu þessa skal birta með hæfilegum fyrirvara fyrir kjördag og utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

VI. kafli.

Kjörgögn.

24. gr. Kjörstjórn skal láta prenta kjörseðla úr haldgóðum ógegnsæjum pappír.

25. gr. Á kjörseðlinum verða nöfn frambjóðenda ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.

Dregið skal um röðun frambjóðenda á kjörseðlinum.

VII. kafli.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

26. gr. Kjörstjórn auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram.

Heimilt er að hafa kosningu utan kjörfundar í allt að þrjá daga fyrir kjörfund og í 1 til 4 klst. í senn.

27. gr. Kosning utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn.

28. gr. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum þegar kosið er.

29. gr. Kjósendur skulu velja 5; 6; 7 frambjóðendur, hvorki fleiri né færri, og merkja með tölustöfum við nöfn þeirra og í þeirri röð sem þeir vilja að frambjóðendur taki sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í kjördæminu. Það er 1 við þann sem kjósandi vill að skipi efsta sæti, 2 við þann sem kjósandi vill í annað sæti, 3 við þann sem skipa skal þriðja sætið, o.s.frv.

Þegar kjósandi hefur útfyllt seðilinn skal hann ganga frá seðlinum í kjörseðilsumslag sem merkt er ATKVÆÐASEÐILL og loka því.

Á sendiumslagið skal rita nafn kjósenda, kennitölu og lögheimili.

VIII. kafli.

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi – kjörstaðir/kjördeildir.

30. gr. Kjörstjórn ákveður kjörstaði og umdæmi þeirra sem og fjölda kjörstaða. Kjörstjórn getur ennfremur ákveðið, að á hverjum kjörstað skuli vera fleiri en ein kjördeild, ef þurfa þykir.

31. gr. Kjósendur skulu velja 5; 6; 7 frambjóðendur, hvorki fleiri né færri, og merkja með tölustöfum við nöfn þeirra og í þeirri röð sem þeir vilja að frambjóðendur taki sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í kjördæminu. Það er 1 við þann sem kjósandi vill að skipi efsta sæti, 2 við þann sem kjósandi vill í annað sæti, 3 við þann sem skipa skal þriðja sætið, o.s.frv.

32. gr. Kjörfundur hefst kl. 10.00 og líkur kl. 18.00. Kjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur standi skemur.

Atkvæðagreiðslu má slíta ef allir þeir sem eru á kjörskrá hafa greitt atkvæði og ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það.

33. gr. Kosning skal vera leynileg.

34. gr. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum þegar kosið er.

35. gr. Vinnu starfsmanna í kjördeild er lokið þegar þeir hafa skilað kjörgögnum af sér til kjörstjórnar og kjörstjórn staðfest rétt uppgjör.

36. gr. Kjörstaður skal uppfylla skilyrði um aðgengi fyrir alla.

IX. kafli.

Atkvæðatalning og kosningaúrslit.

37. gr. Kjörstjórn annast talningu atkvæða á fyrirfram ákveðnum stað og stund, þegar allir kjörkassar og gögn, sem þeim eiga að fylgja, hafa borist í hendur kjörstjórnar.

38. gr. Umboðsmönnum frambjóðenda er heimilt að vera viðstaddir talninguna.

39. gr. Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

40. gr. Við talningu atkvæða hlýtur sá fyrsta sæti sem fær flest atkvæði í fyrsta sætið. Sá hlýtur annað sætið sem hefur flest atkvæði í 1. og 2. sætið og sá þriðja sætið sem hlýtur flest atkvæði í 1., 2. og 3. sæti. Síðan hljóta frambjóðendur önnur sæti í póstkosningunni með sama hætti.

Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

41. gr. Taki frambjóðandi ekki það sæti er hann hlýtur í prófkjörinu mun sá sem á eftir kemur færast upp um sæti. Ef frambjóðandi í 1. sæti hafnar því þá ber að færa þann sem hlaut 2. sæti upp í 1. sæti, þann sem hlaut 3. sæti í 2. sæti o.s.frv.

42. gr. Vinnu starfsmanna í talningu er lokið þegar kjörstjórn hefur staðfest úrslit og uppgjör.

43. gr. Sá sem er viðstaddur talningu getur ekki yfirgefið hana fyrr en talningu er lokið og úrslit tilkynnt.

44. gr. Í 5; 6; 7 efstu sætum framboðslistans skal hlutur hvors kyns ekki vera lægri en 40%, þó skulu ekki vera fleiri en 3 af sama kyni í fyrstu 4 sætunum.

45. gr. Frambjóðandi undirritar yfirlýsingu, fyrir atkvæðatalningu, um hvaða sæti hann taki hljóti hann ekki kosningu í það sæti sem hann sækist eftir.

46. gr. Frambjóðandi skal hafa svarað kjörstjórn innan 48 klst. frá því að úrslit eru kynnt, hvort hann tekur sæti á framboðslistanum.

X. kafli.

Kosningum frestað.

47. gr. Kjörstjórn er heimilt að fresta prófkjörinu ef veður eða náttúruhamfarir hamla.

XI. kafli.

Óleyfilegur kosningaráróður.

48. gr. Allur áróður frambjóðenda á kjörstað er bannaður sbr. ákvæði laga um kosningar til Alþingis og sem tilgreindar eru í erindisbréfi kjörstjórnar.

XII. kafli.

Kosningakæsur.

49. gr. Frestur frambjóðenda til að gera athugasemdir eða krefjast endurtalningar atkvæða rennur út þremur sólarhringum eftir tilkynningu úrslita.

50. gr. Komi fram ágreiningur um framkvæmd eða tilhögun prófkjörsins skal gera það skriflega til kjörstjórnar. Úrskurði kjörstjórnar má skjóta til laganefndar Framsóknarflokksins og fara þau eins og lög Framsóknarflokksins kveða á um.

XIII. kafli.

Eyðing kjörgagna.

51. gr. Eyða skal öllum kjörgögnum þegar niðurstöður liggja fyrir, kærufrestur hefur runnið út og auka kjördæmisþingi er lokið.

XIV. kafli.

Kostnaður.

52. gr. Hámarks útlagður kostnaður hvers frambjóðanda vegna lokaða prófkjörsins má ekki fara umfram kostnaðartölu sem landsstjórn Framsóknarflokksins telur hæfilega, s.s. vegna auglýsinga frambjóðenda í ljósvakamiðlum, prentmiðlum og vefmiðlum.

Frambjóðendum ber að skila til skrifstofu Framsóknarflokksins fjárhagslegu uppgjöri innan 30 daga að loknu lokaða prófkjörinu. Skrifstofa Framsóknarflokksins skal skila uppgjörinu inn til Ríkisendurskoðunar.

53. gr. Í einu og öllu skal farið eftir lögum um fjármál stjórnmalaflokka nr. 162/2006.

XV. kafli.

Framboðslistinn.

54. gr. Kjörstjórn gerir tillögu um skipan framboðslistans í heild að öðru leyti til stjórnar kjördæmissambandsins sem leggur hann fyrir auka kjördæmisþing.

Reglur um tvöfalt kjördæmisþing.

I. kafli.

Kjördagur.

1. gr. Kjördæmisþing ákveður hvar og hvenær tvöfalt kjördæmisþing skuli fara fram og skal það boðað með a.m.k. 25 daga fyrirvara.

II. kafli.

Kosningarréttur og kjörgengi.

2. gr. Rétt til atkvæðagreiðslu á tvöföldu kjördæmisþingi eiga flokksbundnir framsóknarmenn í framsóknarfélögum í kjördæminu og með lögheimili í kjördæminu, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir tvöfalda kjördæmisþingið, hafi greitt þingjald og séu fulltrúar með eftirtöldum hætti:

(a) Einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 5 félagsmenn hvers aðildarfélags í kjördæminu. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir. Fulltrúafjöldi miðast við félagafjölda eins og hann er staðfestur af skrifstofu Framsóknarflokksins 30 dögum fyrir tvöfalda kjördæmisþingið. Val fulltrúa skal fara fram á aðal- eða félagsfundi framsóknarfélaga að viðhafðri hlutfallskosningu.

(b) Formenn framsóknarfélaga í kjördæminu.

(c) Aðal- og varamenn í stjórn hlutaðeigandi kjördæmissambands.

(d) Aðalmenn í miðstjórn Framsóknarflokksins sem eiga lögheimili í kjördæminu.

3. gr. Frambjóðendur á tvöfalda kjördæmisþinginu geta þeir einir orðið sem eru félagar í Framsóknarflokki og hafa kjörgengi til Alþingis, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir tvöfalda kjördæmisþingið og hafa náð 18 ára aldri á kjördag til Alþingis, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

III. kafli.

Kjörskrá.

4. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins gerir kjörskrá þar sem fram kemur nafn, kennitala, lögheimili og sveitarfélag.

5. gr. Kjörbréf aðildarfélaga skulu hafa borist kjörstjórn 15 dögum fyrir tvöfalda kjördæmisþingið.

Varamenn koma inn fyrir aðalmenn í kjörinni röð, samkvæmt kjörbréfi.

24 klukkustundum fyrir setningu þings skal tilkynna til kjörstjórnar varamenn og fyrir hverja þeir koma.

6. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins gerir skrá vegna tvöfalda kjördæmisþingsins, með símanúmerum og mun afhenda frambjóðendum, sem þess óska, eitt eintak af henni í excel-formi. Afhending er gegn greiðslu á kostnaði við gerð skrár á hvern frambjóðanda. Pantanir sendist á netfangið: framsokn@framsokn.is.

7. gr. Frambjóðanda er heimilt að senda framboðskynningu á sér á netfangaskrá Framsóknarflokksins í kjördæminu í eitt skipti. SMS-sendingar eru heimilar í eitt skipti svo og afhending á límmiðasetti til útsendingar í eitt skipti.

8. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins sér um útsendingu á netföng, á SMS-sendingum og afhendingu límmiðasetts gegn greiðslu á kostnaði.

9. gr. Fylgt skal ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

IV. kafli.

Kjörstjórn.

10. gr. Kjördæmisþing kýs 7 manna kjörstjórn til eins árs í senn.

Kjósa skal formann sérstaklega á kjördæmisþingi. Kjörstjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórn kjördæmissambands setur kjörstjórn erindisbréf.

11. gr. Kjörstjórn skal undirbúa og annast framkvæmd tvöfalds kjördæmisþings.

Kjörstjórn skal halda gerðabók og bóka viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar er máli skiptir við framkvæmd kosningarinnar á tvöfalda kjördæmisþinginu.

V. kafli.

Framboð, framboðsfrestur, umboðsmenn og auglýsing.

12. gr. Kjörstjórn skal auglýsa eftir frambjóðendum til þátttöku á tvöfalda kjördæmisþinginu.

13. gr. Framboðsfrestur skal vera minnst 7 sólarhringar.

14. gr. Framboðstilkynningu skal skilað til kjörstjórnar eigi síðar en kl. 12 á hádegis dögum fyrir tvöfalda kjördæmisþingið.

Í framboðstilkynningu skulu frambjóðendur gefa kost á sér í ákveðin sæti, eitt eða fleiri, þegar þeir tilkynna um framboð sitt.

Með framboðstilkynningu skal hver frambjóðandi skila að hámarki 400 orða texta á rafrænu formi þar sem frambjóðandi kynnir sjálfan sig og greinir frá helstu baráttumálum sínum, ásamt einni mynd af frambjóðanda á rafrænu formi sem er að lágmarki 1 MB (megabyte) að stærð.

Með framboðstilkynningu skal fylgja meðmælendalisti með að lágmarki 10 og að hámarki með 20 flokksbundnum framsóknarmönnum.

15. gr. Kjörstjórn vinnur úr þessum upplýsingum og verða þær birtar í kynningarriti um frambjóðendur fyrir tvöfalda kjördæmisþingið.

16. gr. Frambjóðandi greiðir hluta kostnaðar við gerð kynningarefnis kjörstjórnar.

17. gr. Kjörstjórn skipuleggur kynningarfundir með frambjóðendum fyrir tvöfalda kjördæmisþingið.

18. gr. Hverjum frambjóðanda er heimilt að skipa sér umboðsmann til þess að gæta réttar og hagsmuna framboðsins og skal samþykki hans fylgja meðmælendalista.

19. gr. Framboð er ekki endanlega staðfest fyrr en kjörstjórn hefur staðfest kjörgengi frambjóðanda, meðmælendalista og fyrir liggi staðfesting á skilum til Ríkisendurskoðunar í þeim tilfellum sem það á við.

Kjörstjórn hefur heimild til að hafna frambjóðanda ef gildar ástæður eru fyrir og skulu þær rökstuddar skriflega.

Kjörstjórn er jafnframt heimilt ef ástæða þykir til að bæta við frambjóðendum að fengnu samþykki þeirra.

20. gr. Frambjóðendur skulu reka áróður fyrir framboði sínu í eigin nafni, en ekki í nafni Framsóknarflokksins.

21. gr. Frambjóðendur bera einir ábyrgð á sinni kosningabaráttu. Þeim ber að gæta þess að þeir sjálfir, eða þeir sem starfa í þeirra umboði, gæti þess að hlíta í hvívetna landslögum sem og lögum og siðareglum Framsóknarflokksins.

22. gr. Komi aðeins eitt framboð í eitthvert sæti, er sjálfkjörið í það.

23. gr. Frambjóðendur skulu undirrita yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér þessar reglur og muni fara eftir þeim.

24. gr. Kjörstjórn skal birta tilkynningu um tvöfalda kjördæmisþingið með viðeigandi hætti. Tilkynningu þessa skal birta með hæfilegum fyrirvara fyrir tvöfalda kjördæmisþingið.

VI. kafli.

Kjörgögn.

25. gr. Kjörstjórn skal láta út búa kjörseðla úr haldgöðum ógegnsæum pappír og í sérstökum lit fyrir hverja umferð fyrir sig.

VII. kafli.

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi - kjördeildir.

26. gr. Kjörstjórn getur ákveðið, að kosið sé í fleiri en einni kjördeild, ef þurfa þykir.

27. gr. Kjósa skal um 5; 6; 7 efstu sætin á framboðslista Framsóknarflokksins í kjördæminu. Skal kosið um hvert sæti sérstaklega, þ.e. fyrst er kosið milli þeirra sem hafa gefið kost á sér í 1. sæti. Fáir enginn frambjóðandi einfaldan meirihluta gildra atkvæða skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Telst sá kjörinn sem hlýtur fleiri atkvæði í síðari umferðinni. Þegar úrslit liggja fyrir um 1. sætið skal kosið á sama hátt um 2. sætið og svo framvegis þar til kosið hefur verið í sæti 1-5; 1-6; 1-7.

28. gr. Skrifa skal fullt nafn á kjörseðilinn eða þannig að með afgerandi hætti komi fram við hvern er átt.

Atkvæðagreiðslu má slíta ef allir þeir sem eru á kjörskrá hafa greitt atkvæði og ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það.

29. gr. Kosning skal vera leynileg.

30. gr. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum þegar kosið er.

31. gr. Í upphafi kosningar um hvert sæti fær hver frambjóðandi ræðutíma í 5 mínútur til þess að kynna sig og stefnumál sín.

Eftir að úrslit um hvert sæti hafa verið kynnt geta frambjóðendur sem ekki náðu kjöri í viðkomandi sæti gefið kost á sér í næsta sæti listans með ræðu í 1 mínútu.

Milli umferða skal frambjóðandi eiga rétt á að draga framboð sitt til baka með ræðu í 1 mínútu.

32. gr. Vinnu starfsmanna í kjördeild er lokið þegar þeir hafa skilað kjörgögnum af sér til kjörstjórnar og kjörstjórn staðfest rétt uppgjör.

33. gr. Tvöfalt kjördæmisþing skal uppfylla skilyrði um aðgengi fyrir alla.

VIII. kafli.

Atkvæðatalning og kosningaúrslit.

34. gr. Kjörstjórn annast talningu atkvæða á fyrirfram ákveðnum stað og stund.

35. gr. Umboðsmönnum frambjóðenda er heimilt að vera viðstaddir talninguna.

36. gr. Vinnu starfsmanna í talningu er lokið þegar kjörstjórn hefur staðfest úrslit og uppgjör.

37. gr. Sá sem er viðstaddur talningu getur ekki yfirgefið hana fyrr en talningu er lokið og úrslit tilkynnt.

38. gr. Í 5; 6; 7 efstu sætum framboðslistans skal hlutur hvors kyns ekki vera lægri en 40%, þó skulu ekki vera fleiri en 3 af sama kyni í fyrstu 4 sætunum.

IX. kafli.

Kosningum frestað.

39. gr. Kjörstjórn er heimilt að fresta tvöfalda kjördæmisþinginu ef veður eða náttúruhamfarir hamla.

X. kafli.

Óleyfilegur kosningaáróður.

40. gr. Allur áróður frambjóðenda á kjörstað er bannaður samanber ákvæði laga um kosningar til Alþingis og sem tilgreindar eru í erindisbréfi kjörstjórnar.

XI. kafli.

Kosningakærur.

41. gr. Komi fram ágreiningur um framkvæmd eða tilhögun tvöfalda kjördæmisþingsins skal gera það skriflega til kjörstjórnar. Úrskurði kjörstjórnar má skjóta til laganeðndar Framsóknarflokksins og fara þau eins og lög Framsóknarflokksins kveða á um.

XII. kafli.

Eyðing kjörgagna.

42. gr. Eyða skal öllum kjörgögnum strax að loknu auka kjördæmisþingi.

XIII. kafli.

Kostnaður.

43. gr. Hámarks útlagður kostnaður hvers frambjóðanda vegna tvöfalda kjördæmisþingsins má ekki fara umfram kostnaðartölu sem landsstjórn Framsóknarflokksins telur hæfilega, s.s. vegna auglýsinga frambjóðenda í ljósvakamiðlum, prentmiðlum og vefmiðlum.

Frambjóðendum ber að skila til skrifstofu Framsóknarflokksins fjárhagslegu uppgjöri innan 30 daga að loknu tvöföldu kjördæmisþingi. Skrifstofa Framsóknarflokksins skal skila uppgjörinu inn til Ríkisendurskoðunar.

44. gr. Í einu og öllu skal farið eftir lögum um fjármál stjórn málaflókka nr. 162/2006.

XIV. kafli.

Framboðslistinn.

45. gr. Kjörstjórn gerir tillögu um skipan framboðslistans í heild að öðru leyti til stjórnar kjördæmissambandsins sem leggur hann fyrir auka kjördæmisþing.

46. gr. Heimilt er að halda auka kjördæmisþing strax að loknu tvöföldu kjördæmisþingi enda hefur verið boðað til þess í samræmi við gildandi reglur.

Reglur um uppstillingu.

I. kafli.

Uppstilling.

- 1. gr.** Kjördæmisþing ákveður hvort að viðhöfð verði uppstilling við val á lista.

II. kafli.

Kjörstjórn.

- 2. gr.** Kjördæmisþing kýs 7 manna kjörstjórn/uppstillingarnefnd til eins árs í senn. Kjósa skal formann sérstaklega á kjördæmisþingi. Kjörstjórnin/uppstillingarnefnd skiptir með sér verkum að öðru leyti.
- 3. gr.** Kjörstjórn/uppstillingarnefnd skal gera tillögu um framboðslista Framsóknarflokksins fyrir næstu alþingiskosningar.
- 4. gr.** Kjörstjórn/uppstillingarnefnd skal halda gerðabók og skal bóka viðtöku tilnefninga, afgreiðslu þeirra, hvers konar úrskurði og annað þess háttar er máli skiptir.

III. kafli.

Framboðslistinn.

- 5. gr.** Frambjóðendur geta þeir einir orðið sem eru félagar í Framsóknarflokki og hafa kjörgengi til Alþingis, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir auka kjördæmisþingið og hafa náð 18 ára aldri á kjördag til Alþingis, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.
- 6. gr.** Kjörstjórn/uppstillingarnefnd skal hafa heimild til að gefa öllum flokksbundnum framsóknarmönnum í framsóknarfélögum í kjördæminu og með lögheimili í kjördæminu kost á að tilnefna einn eða fleiri einstaklinga sem viðkomandi vill sjá í framboði fyrir Framsóknarflokkinn og með það að markmiði að listinn verði sem sterkastur.
- 7. gr.** Í 7 efstu sætum framboðslistans skal hlutur hvors kyns ekki vera lægri en 40%, þó skulu ekki vera fleiri en 3 af sama kyni í fyrstu 4 sætunum.
- 8. gr.** Kjörstjórn/uppstillingarnefnd skal ljúka störfum eigi síðar en 15 dögum fyrir auka kjördæmisþing og leggja fram tilbúinn lista til stjórnar kjördæmissambandsins sem leggur hann til endanlegrar samþykktar fyrir auka kjördæmisþing.

Reglur um opið prófkjör.

I. kafli.

Kjördagur.

1. gr. Kjördæmisþing ákveður hvenær opið prófkjör skuli fara fram. Opið prófkjör skal fara fram samtímis í kjördæminu.

II. kafli.

Kosningarréttur og kjörgengi.

2. gr. Rétt til atkvæðagreiðslu í opnu prófkjöri eiga flokksbundnir framsóknarmenn og þeir sem eiga munu kosningarétt í kjördæminu við næstu alþingiskosningar og lýsa yfir stuðningi við framboð Framsóknarflokksins við næstu alþingiskosningar. Stuðningsyfirlýsing, undirrituð á kjörfundi, jafngildir ekki inngöngu í Framsóknarflokkinn.

3. gr. Heimilt er að innheimta þátttökugjald.

4. gr. Frambjóðendur í opna prófkjörinu geta þeir einir orðið sem eru félagar í Framsóknarflokki og hafa kjörgengi til Alþingis, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir prófkjörið og hafa náð 18 ára aldri á kjördag til Alþingis, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

III. kafli.

Kjörskrá.

5. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins gerir kjörskrá þar sem fram kemur nafn, kennitala, lögheimili og sveitarfélag.

6. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins gerir skrá vegna opna prófkjörsins, með símanúmerum og mun afhenda frambjóðendum, sem þess óska, eitt eintak af henni í excel-formi. Afhending er gegn greiðslu á kostnaði við gerð skrár á hvern frambjóðanda. Pantanir sendist á netfangið: framsokn@framsokn.is.

7. gr. Frambjóðanda er heimilt að senda framboðskynningu á sér á netfangaskrá Framsóknarflokksins í kjördæminu í eitt skipti. SMS-sendingar eru heimilar í eitt skipti svo og afhending á límmiðasetti til útsendingar í eitt skipti.

8. gr. Skrifstofa Framsóknarflokksins sér um útsendingu á netföng, á SMS-sendingum og afhendingu límmiðasetts gegn greiðslu á kostnaði.

9. gr. Fylgt skal ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

IV. kafli.

Kjörstjórn.

10. gr. Kjördæmisþing kýs 7 manna kjörstjórn til eins árs í senn.

Kjósa skal formann sérstaklega á kjördæmisþingi. Kjörstjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórn kjördæmissambands setur kjörstjórn erindisbréf.

11. gr. Kjörstjórn skal undirbúa og annast framkvæmd opna prófkjörsins.

Kjörstjórn skal halda gerðabók og bóka viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar er máli skiptir við framkvæmd prófkjörsins.

V. kafli.

Framboð, framboðsfrestur, umboðsmenn og auglýsing.

12. gr. Kjörstjórn skal auglýsa eftir frambjóðendum til þátttöku í opna prófkjörinu.

13. gr. Framboðsfrestur skal vera minnst 7 sólarhringar.

14. gr. Framboðstilkynningu skal skilað til kjörstjórnar eigi síðar en kl. 12 á hádegi 15 dögum fyrir kjördag.

Í framboðstilkynningu skulu frambjóðendur gefa kost á sér í ákveðin sæti, eitt eða fleiri, þegar þeir tilkynna um framboð sitt.

Með framboðstilkynningu skal hver frambjóðandi skila að hámarki 400 orða texta á rafrænu formi þar sem frambjóðandi kynnir sjálfan sig og greinir frá helstu baráttumálum sínum, ásamt einni mynd af frambjóðanda á rafrænu formi sem er að lágmarki 1 MB (megabyte) að stærð.

Með framboðstilkynningu skal fylgja meðmælendalisti með að lágmarki 10 og að hámarki með 20 flokksbundnum Framsóknarmönnum.

15. gr. Kjörstjórn vinnur úr þessum upplýsingum og verða þær birtar í kynningarriti um frambjóðendur fyrir kjörfundinn.

16. gr. Frambjóðandi greiðir hluta kostnaðar við gerð kynningarefnis kjörstjórnar.

17. gr. Kjörstjórn skipuleggur kynningarfundir með frambjóðendum fyrir opna prófkjörið.

18. gr. Hverjum frambjóðenda er heimilt að skipa sér umboðsmann til þess að gæta réttar og hagsmuna framboðsins.

19. gr. Framboð er ekki endanlega staðfest fyrr en kjörstjórn hefur staðfest kjörgengi frambjóðanda, meðmælendalista og fyrir liggja staðfesting á skilum til Ríkisendurskoðunar í þeim tilfellum sem það á við.

Kjörstjórn hefur heimild til að hafna frambjóðanda ef gildar ástæður eru fyrir og skulu þær rökstuddar skriflega.

Kjörstjórn er jafnframt heimilt ef ástæða þykir til að bæta við frambjóðendum að fengnu samþykki þeirra.

20. gr. Frambjóðendur skulu reka áróður fyrir framboði sínu í eigin nafni, en ekki í nafni Framsóknarflokksins.

21. gr. Frambjóðendur bera einir ábyrgð á sinni kosningabaráttu. Þeim ber að gæta þess að þeir sjálfir, eða þeir sem starfa í þeirra umboði, gæti þess að hlíta í hvívetna landslögum sem og lögum og siðareglum Framsóknarflokksins.

22. gr. Frambjóðendur skulu undirrita yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér þessar reglur og muni fara eftir þeim.

23. gr. Kjörstjórn skal birta tilkynningu um opið prófkjörið með viðeigandi hætti. Tilkynningu þessa skal birta með hæfilegum fyrirvara fyrir kjördag og utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

VI. kafli.

Kjörgögn.

24. gr. Kjörstjórn skal láta prenta kjörseðla úr haldgóðum ógegnsæjum pappír.

25. gr. Á kjörseðlinum verða nöfn frambjóðenda ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.

Dregið skal um röðun frambjóðenda á kjörseðlinum.

VII. kafli.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

26. gr. Kjörstjórn auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram.

Heimilt er að hafa kosningu utan kjörfundar í allt að þrjá daga fyrir kjörfund og í 1 til 4 klst. í senn.

27. gr. Kosning utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn.

28. gr. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum þegar kosið er.

29. gr. Kjósendur skulu velja 5; 6; 7 frambjóðendur, hvorki fleiri né færri, og merkja með tölustöfum við nöfn þeirra og í þeirri röð sem þeir vilja að frambjóðendur taki sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í kjördæminu. Það er 1 við þann sem kjósandi vill að skipi efsta sæti, 2 við þann sem kjósandi vill í annað sæti, 3 við þann sem skipa skal þriðja sætið, o.s.frv.

Þegar kjósandi hefur útfyllt seðilinn skal hann ganga frá seðlinum í kjörseðilsumslag sem merkt er ATKVÆÐASEÐILL og loka því.

Á sendiumslagið skal rita nafn kjósanda, kennitölu og lögheimili.

VIII. kafli.

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi – kjörstaðir/kjördeildir.

30. gr. Kjörstjórn ákveður kjörstaði og umdæmi þeirra sem og fjölda kjörstaða. Kjörstjórn getur enn fremur ákveðið, að á hverjum kjörstað skuli vera fleiri en ein kjördeild, ef þurfa þykir.

31. gr. Kjósendur skulu velja 5; 6; 7 frambjóðendur, hvorki fleiri né færri, og merkja með tölustöfum við nöfn þeirra og í þeirri röð sem þeir vilja að frambjóðendur taki sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í kjördæminu. Það er 1 við þann sem kjósandi vill að skipi efsta sæti, 2 við þann sem kjósandi vill í annað sæti, 3 við þann sem skipa skal þriðja sætið, o.s.frv.

32. gr. Kjörfundur hefst kl. 10.00 og líkur kl. 18.00. Kjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur standi skemur.

Atkvæðagreiðslu má slíta ef allir þeir sem eru á kjörskrá hafa greitt atkvæði og ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það.

33. gr. Kosning skal vera leynileg.

34. gr. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum þegar kosið er.

35. gr. Vinnu starfsmanna í kjördeild er lokið þegar þeir hafa skilað kjörgögnum af sér til kjörstjórnar og kjörstjórn staðfest rétt uppgjör.

36. gr. Kjörstaður skal uppfylla skilyrði um aðgengi fyrir alla.

IX. kafli.

Atkvæðatalning og kosningaúrslit.

37. gr. Kjörstjórn annast talningu atkvæða á fyrirfram ákveðnum stað og stund, þegar allir kjörkassar og gögn, sem þeim eiga að fylgja, hafa borist í hendur kjörstjórnar.

38. gr. Umboðsmönnum frambjóðenda er heimilt að vera viðstaddir talninguna.

39. gr. Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

40. gr. Við talningu atkvæða hlýtur sá fyrsta sæti sem fær flest atkvæði í fyrsta sætið. Sá hlýtur annað sætið sem hefur flest atkvæði í 1. og 2. sætið og sá þriðja sætið sem hlýtur flest atkvæði í 1., 2. og 3. sæti. Síðan hljóta frambjóðendur önnur sæti í póstkosningunni með sama hætti.

Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

41. gr. Taki frambjóðandi ekki það sæti er hann hlýtur í prófkjörinu mun sá sem á eftir kemur færast upp um sæti. Ef frambjóðandi í 1. sæti hafnar því þá ber að færa þann sem hlaut 2. sæti upp í 1. sæti, þann sem hlaut 3. sæti í 2. sæti o.s.frv.

42. gr. Vinnu starfsmanna í talningu er lokið þegar kjörstjórn hefur staðfest úrslit og uppgjör.

43. gr. Sá sem er viðstaddur talningu getur ekki yfirgefið hana fyrr en talningu er lokið og úrslit tilkynnt.

44. gr. Í 5; 6; 7 efstu sætum framboðslistans skal hlutur hvors kyns ekki vera lægri en 40%, þó skulu ekki vera fleiri en 3 af sama kyni í fyrstu 4 sætunum.

45. gr. Frambjóðandi undirritar yfirlýsingu, fyrir atkvæðatalningu, um hvaða sæti hann taki hljóti hann ekki kosningu í það sæti sem hann sækist eftir.

46. gr. Frambjóðandi skal hafa svarað kjörstjórn innan 48 klst. frá því að úrslit eru kynnt, hvort hann tekur sæti á framboðslistanum.

X. kafli.

Kosningum frestað.

47. gr. Kjörstjórn er heimilt að fresta prófkjörinu ef veður eða náttúruhamfarir hamla.

XI. kafli.

Óleyfilegur kosningaáróður.

48. gr. Allur áróður frambjóðenda á kjörstað er bannaður samanber ákvæði laga um kosningar til Alþingis og sem tilgreindar eru í erindisbréfi kjörstjórnar.

XII. kafli.

Kosningakærur.

49. gr. Frestur frambjóðenda til að gera athugasemdir eða krefjast endurtalningar atkvæða rennur út þremur sólarhringum eftir tilkynningu úrslita.

50. gr. Komi fram ágreiningur um framkvæmd eða tilhögun prófkjörsins skal gera það skriflega til kjörstjórnar. Úrskurði kjörstjórnar má skjóta til laganefndar Framsóknarflokksins og fara þau eins og lög Framsóknarflokksins kveða á um.

XIII. kafli.

Eyðing kjörgagna.

51. gr. Eyða skal öllum kjörgögnum þegar niðurstöður liggja fyrir, kærufrestur hefur runnið út og auka kjördæmisþingi er lokið.

XIV. kafli.

Kostnaður.

52. gr. Hámarks útlagður kostnaður hvers frambjóðanda vegna opna prófkjörsins má ekki fara umfram kostnaðartölu sem landsstjórn Framsóknarflokksins telur hæfilega, s.s. vegna auglýsinga frambjóðenda í ljósvakamiðlum, prentmiðlum og vefmiðlum. Frambjóðendum ber að skila til skrifstofu Framsóknarflokksins fjárhagslegu uppgjöri innan 30 daga að loknu opna prófkjörsins. Skrifstofa Framsóknarflokksins skal skila uppgjörinu inn til Ríkisendurskoðunar.

53. gr. Í einu og öllu skal farið eftir lögum um fjármál stjórn málaflokka nr. 162/2006.

XV. kafli.

Framboðslistinn.

54. gr. Kjörstjórn gerir tillögu um skipan framboðslistans í heild að öðru leyti til stjórnar kjördæmissambandsins sem leggur hann fyrir auka kjördæmisþingi.